

Alþingi  
Erindi nr. Þ 128/1155  
komudagur 20. 2. 2003



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 19. febrúar 2003

**Efni: Umsógn um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 550. mál, vinnutímatilskipun, EES reglur**


Læknafélag Íslands hefur áður gert athugasemdir við frumvarp sama efnis og ofangreint frumvarp, sbr. bréf félagsins dags. 30. apríl 2001. Vísast til þeirrar umsagnar, að breyttu breytanda, um þau atriði sem ekki hefur verið tekið tillit til í ofangreindu frumvarpi.

Til viðbótar þeim athugasemdum sem gerðar voru með bréfi dags. 30. apríl 2001 er rétt að gera eftirfarandi athugasemdir:

Í greinargerð með frumvarpinu um 19. gr. a lið (52. gr.) er að finna skýringar á hugtakinu virkum vinnutíma. Sem dæmi til skýringar á hvað telst vera virkur vinnutími er m.a. nefnt ef starfsmaður er til taks fyrir vinnuveitanda og innir af hendi störf sín og skyldur. Starfsmaður á bakvakt sem sinnir vinnu sinni með símtali fellur augljóslega undir þessa dæmatalningu. Síðar segir í greinargerðinni til skýringar á tíma sem ekki telst til virks vinnutíma að hvers kyns vaktir falli ekki undir skilgreininguna, svo lengi sem starfsmaður sé ekki kallaður til starfa. Sé starfsmaðurinn hins vegar kallaður til starfa skuli telja þann tíma sem hann er við vinnu til virks vinnutíma. Orðalagið "kallaður til starfa" er óheppilegt og hefur leitt til þess að vinnuveitendur hafa viljað túlka símtöl á vakt sem vinnutíma sem ekki sé virkur. Þótt sá skýringarmáti falli ekki að skilgreiningunni um að inna af hendi störf sín og skyldur leiðir þessi framsetning til óþarfa vandamála í framkvæmd og hugsanlegs málareksturs. Þetta mætti leysa með því að bæta við 19. gr. a lið (52. gr.) 1. tl. "*... og innir af hendi störf sín eða skyldur, t.d. með símtölum á bakvakt*".

Í frumvarpinu er gengið út frá þeirri meginreglu að á hverjum 24 klst. skuli starfsmaður fá amk 11 klst. hvíld. Í tilgreindum undantekningartilfellum megi hins vegar stytta þá hvíld en þá skuli starfsmaður fá samsvarandi hvíldartíma síðar. Í frumvarpinu eru engar hömlur á því hversu lengi megi framlengja vinnulotu. Væri eðlilegra að taka fram tiltekið hámark eða skilgreina enn nánar sérstök undantekningartilfelli þar sem framlenging vinnulotu væri án takmarkana. Með slíku væri unnt að koma í veg fyrir að vinnuveitendur framlengi vinnulotur starfsmanna af þeirri ástæðu einni að þá skortir vinnuafl.

Verði óskað eftir frekari athugasemdum, dæmum eða skýringum er Læknafélagið reiðubúið til að veita þær.

Virðingarfyllt,  
f.h. Læknafélags Íslands  
  
Sigurbjörn Sveinsson  
formaður

Póstáritun/Address: Hlíðasmára 8  
IS-200 Kópavogur

Sími/Tel.: (354) 564 4100  
Fax: (354) 564 4106

Kt.: 450269-2639  
Netfang/e-mail: icemed@icemed.is